

Alþingi
Erindi nr. P 139/1300
komudagur 14.2.2011



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

Reykjavík 7. febrúar 2011

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga

Stjórn Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu lýsir ánægju sinni með frumvarp til laga flutt á 139. löggjafarþingi 2010 – 2011, þingskjal 239. – 214. mál, um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um málefni aldraðra. Stjórnin telur frumvarpið vera til mikilla hagsbóta fyrir þá einstaklinga sem munu dvelja á dvalar- og hjúkrunarheimilum landsins á næstu árum. Stjórnin leggur mikla áherslu á að verkefninu verði tryggðir nægjanlegir fjármunir til framkvæmdanna og sömuleiðis þarf að tryggja áframhaldandi rekstrargrundvöll þeirra heimila sem rýmum kemur til með að fækka á.

Virðingarfyllst,

Gísli Páll Pálsson formaður SFH